

Foreldrafélag VÍ.

Fundur 22. maí 2013 kl. 18:30

Mættir: Lena K Lenharðsdóttir, Guðrún Vala Ólafsdóttir, Unnur Ingólfssdóttir, Árni S. Mathiesen, Katrín Helgadóttir, Hlaðgerður Íris Björnsdóttir og Elín Thorarensen.

Dagskrá:

1. Vetrarstarfið
2. Lagabreytingar
3. Facebook síðan
4. Aðalfundur í haust
5. Önnur mál

Umræða:

1. Vetrarstarfið. Stór hluti af starfinu snýst um ballgæsluna og gekk vel að manna hana í vetur og böllin gengu einnig vel. Mikilvægt að virkja foreldra í gæslunni. Fundir með skólastjórnendum voru tveir í vetur og voru góðar umræður á þeim. Fylgja þarf eftir atriðum sem þar komu fram næsta vetur.

2. Lagabreytingar. Lög foreldrafélagsins eru frá 2002 og lagt er til að gerðar verði smávægilegar breytingar á þeim á næsta aðalfundi. Þá var ákveðið að bera það undir aðalfund að bæta inn í löginn heimild um valkvæð félagsgjöld. Ef foreldrafélagið á smá sjóð þá getur það boðið upp á kakó og kaffi á ballgæslu, keypt fyrirlesara fyrir foreldra og fleira.

3. Facebook síðan. Síðan fór nýlega í loftið og hafa yfir 400 manns hafa "líkað" síðuna sem er gott en þurfum að safna fleiri foreldrum inn á hana næsta haust. Kynna þarf síðuna fyrir foreldrum aftur með tölvupósti og kynna fyrir nýjum foreldrum á haustfundi. Umsjónarmanni síðunnar var þakkað fyrir mikla virkni í að setja inn efni á síðuna en mikilvægt er að hún sé reglulega uppfærð þannig að hún gagnist foreldrum sem best.

4. Aðalfundur í haust. Stefna á að halda hann seinni partinn í september eftir að kynningarfundur með foreldrum 3. bekkjar hefur verið haldinn. Huga þarf vel að staðsetningu og bjóða upp á veitingar. Ákveðið var að athuga með áhugaverða fyrirlesara og hvernig hægt er að greiða fyrir slíkt. Á fundinum þarf að ákveða upphæð á valkvæðum félagsgjöldum ef samþykkt verður að taka þau upp. Þrír stjórnarmeðlimir munu hætta í stjórn og var þeim þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins. Auglýsa þarf fund með vikufyrirvara og kynna væntanlegar lagabreytingar sem stefnt er að.

5. Önnur mál

Rætt var um hvernig staðið er að því að tilkynna nemendum að þeir hefðu fallið úr skólanum. Spurning hvort það þurfi að skoða það ferli betur? Einnig var rætt um fall í áföngum, hvort það hefði verið óeðlilega mikið í e-m tilfellum. Rætt var af hverju sumir kennarar eru tregir til að undirbúa nemendur undir próf með því að upplýsa þá um uppbygginu prófsins og helstu áherslur þrátt fyrir tilmæli frá skólastjórnendum um að viðhafa slík vinnubrögð.

Einnig var umræða um útskriftarferð og hvort nemendur fá aðstoð eða ráðleggingar frá skólanum við val á áfangastað.

Fundi slitið kl. 20:40